



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og
barnamálaráðuneytið

stjornarradid.is

Umboðsmaður barna
Salvör Nordal
Kalkofnsvegur 2
101 Reykjavík

Reykjavík 3. júlí 2023
Tilv.: MRN23060078/9.0

Efni: Erindi varðandi fræðsluskyldu stjórnvalda og rétt barna til að hefja nám við hæfi í framhaldsskóla

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 28. júní sl., þar sem óskað er eftir svörum ráðuneytisins við því hvernig fræðsluskylda er tryggð í framkvæmd og hvernig réttur barna til að komast inn og stunda nám í framhaldsskóla er virtur sem og stöðu nemenda á starfsbrautum.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú mennta- og barnamálaráðuneyti, fól Menntamálastofnun árið 2015 umsjón með innritunarferli í framhaldsskóla. Í því felst m.a. að tryggja að allir þeir nýnemar sem sækja um, fái skólavist og eða námsúrræði við hæfi. Vorið 2023 sóttu tæplega 4400 nýnemar um skólavist í framhaldsskóla. Þar sem nemendur eru á fræðsluskyldueldri, sbr. 32. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008, er ávallt reynt að ná í forsjáraðila þeirra, en ef það tekst ekki er haft samband við nemendurna sjálfa. Í einhverjum tilvikum vilja nemendur ekki aðkomu Menntamálastofnunar við að finna skólavist í öðrum skóla og vilja eingöngu komast inn í það nám/skóla sem þeir sóttu um upphaflega. Í þeim tilvikum hefur Menntamálastofnun hvatt umsækjendur til að sækja um á næsta tímabili og bent á leiðir, svo sem fjarnám, sem styrkja stöðu þeirra og geta aukið líkurnar á því að þeir komist inn í það nám sem þeir óska á næstu önn. Í þeim tilvikum þar sem nemendur hafa ekki náð tilskildum árangri í grunnskóla eða uppfylla ekki inntökuskilyrði á þær brautir sem þeir óska eftir, hefur nemendum verið boðið að fara í Námskraft sem er úrræði á vegum Námsflokka Reykjavíkur, sem miðar að því að nemendur geti lokið grunnskólanámi í kjarnagreinum. Þess ber að geta að undanfarin ár hafa nær allir sem ljúka Námskrafti innritast í framhaldsskóla og er því óhætt að segja að úrræðið hafi reynst vel. Frá og með næsta hausti mun Námskraftur vera rekinn af Fjölbrautaskólanum í Ármúla með örlítið breyttu sniði en þó aðskilinn Fjölbrautaskólanum að mestu.

Umsóknum um nám á starfsbrautum framhaldsskóla hefur fjölgað mikið undanfarin ár en 22. júní síðatliðinn fengu öll þau börn sem sóttu um nám í framhaldsskóla boð um skólavist, þar með talið þau börn sem sóttu um nám á starfsbrautum framhaldsskóla. Mennta- og barnamálaráðuneytið, Menntamálastofnun og framhaldsskólar unnu sameiginlega að því að tryggja öllum umsækjendum á fræðsluskyldueldri boð um skólavist en til þess að koma betur til móts við sem flest börn í framhaldsskólakerfinu verða opnaðar starfsbrautir í Kvennaskólanum og Menntaskólanum í Reykjavík næsta haust auks þess sem nær allir framhaldsskólar stækka brautir sínar frá því sem verið hefur. Þá hefur Verzlunarskóli Íslands lýst yfir vilja til að skoða uppbyggingu starfsbrautar í skólanum frá haustinu 2024. Eins er rétt að geta þess að mennta- og barnamálaráðuneyti hefur samið við Klettabæ ehf. um námsúrræði fyrir örfáa nemendur til að koma sérstaklega á móts við sérstakar þarfir þess hóps.

Mennta- og barnamálaráðuneytið mun einnig setja af stað vinnu á haustmánuðum í þeim tilgangi að breyta verklagi við innritun þannig að fyrr verði hægt að leggja mat á fjölda nemenda sem innritast ár hvert og hlutfall þeirra sem þurfa aðlagð nám í framhaldsskóla. Þá miðar sú vinna einnig að því að leggja mat á þjónustu skóla og væntanleguar útskriftir úr grunnskóla ár hvert. Ætti slíkt að gefa betri mynd af stöðunni fyrr og veita þeim sem starfa að málefnum innritunar svigrúm til að bregðast fyrr og betur við.

Einnig er vert að geta þess að lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 mun hafa jákvæð áhrif á nám barna milli skólastiga og bæta þjónustu við þau.

Fyrir hönd ráðherra


Þorsteinn Hjartarson


Anna María Gunnarsdóttir